

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð.

#### 1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Fjarðabyggð, sbr. 18. gr. samþykktar nr. 990/2022 skal vera 19.066 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Eigandi/umsjónarmaður hunds sem sótt hefur hlýðninámskeið hjá viðurkenndum hundaþjálfara getur sótt um 50% afslátt á hundaleyfisgjaldi. Afslátturinn gildir út skráningartíma hunds í sveitarfélaginu. Undanskildir árlegu leyfisgjaldi eru hundar skilgreindir sem leitar-, björgunarsveitar- eða lögregluhundar. Einnig aðstoðar- og þjónustuhundar sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir og viðurkenndir af þar til bærum aðilum, t.d. leiðsöguhundar.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Fjarðabyggð, sbr. 18. gr. samþykktar nr. 990/2022 skal vera 11.611 kr. Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Eigandi/umsjónarmaður kattar getur sótt um 50% afslátt af kattaleyfisgjaldi gegn staðfestingu þess að kötturinn hafi farið í ófrjósemisaðgerð. Afslátturinn gildir út skráningartíma kattar í sveitarfélaginu.

#### 3. gr.

Handsömunargjald vegna hunda, samkvæmt 18. gr. samþykktar nr. 990/2022, skal vera 20.943 kr. Þurfi að vista hund yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð 10.484 kr. fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjarðabyggðar vegna hundsins.

Eigandi hunds getur fengið hann afhentan, samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 990/2022 að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu skráningargjalds og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

#### 4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísun til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og kafla XVI þar að lútandi, auk

reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Gjaldskráin tekur gildi 1. maí 2026 og fellur þá úr gildi frá sama tíma gjaldskrá nr. 1353/2025.

*Fjarðabyggð, 22. apríl 2026.*

**Jóna Árný Þórðardóttir** bærarstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 29. apríl 2026